



Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps Fundargerð

Fundur nr. 282 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps haldinn fimmtudaginn 13. ágúst 2020 kl. 17:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu ásamt undirrituðu nefndarfólk, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir því að eftirfarandi mál verði tekin utan auglýstrar dagskrár:

Árabraut 2 – Umsókn um framkvæmdaleyfi

Sveinn Pálsson f.h. íbúa Árabraut 2 sækir um leyfi fyrir endurnýja skjólveggir á núverandi skjólpall, í samræmi við framlögð gögn.

Verður liður 12 í fundargerð.

Frábrigðið samþykkt samhljóða.

Austurvegur – Tillaga um skjólbelti

Lögð er fram tillaga um skjólbelti við Austurveg, í samræmi við framlögð gögn.

Verður liður 13 í fundargerð.

Frábrigðið samþykkt samhljóða.

Sunnubraut 32 – Umsókn um byggingarleyfi

George Frumuselu sækir um byggingarleyfi fyrir einbýlishús á einni hæð ásamt bílageymslu við Sunnubraut 32, í samræmi við framlögð gögn.

Verður liður 14 í fundargerð.

Frábrigðið samþykkt samhljóða.

Dagskrá fundarins:

I. Skipulagsmál:

1. Efnistaka í sandfjöru austan Víkur

Jón Þórir Þorvaldsson f.h. Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn um greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matskyldu.

Skipulagsnefnd samþykkir beiðnina og felur skipulagsfulltrúa að veita umsögn um greinargerðina.

2. Iðnaðarsvæði í landi Fagradals og Víkur – Breyting á aðalskipulagi

[Handwritten signatures and initials: GF, J.E., H.G., and others]

Lögð er fram tillaga um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. Breytingin á aðalskipulaginu felur í sér að skilgreina efnistökusvæði og iðnaðarsvæði í fjörunni austan við Vík í landi Víkur og Fagradals.

Skipulagsnefnd fer að ráðum Skipulagsstofnunar og frestar afgreiðslu um breytingu á aðalskipulagi þar til ákvörðun um umhverfismat liggur fyrir. Skipulagsnefnd hvetur Skipulagsstofnun til að flýta afgreiðslu málsins eins og kostur er svo ekki verði frekari töf á málínú.

3. Austurhluti Víkur – Breyting á aðalskipulagi

Lögð er fram tillaga um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. Breytingin á aðalskipulaginu í austurhluta Víkur er margþætt og fellst í eftirfarandi: stækkan íbúðarsvæði ÍS7 til austurs, nýtt svæði fyrir samfélagsþjónustu P12 fyrir björgunarmiðstöð við Sléttuveg 18-22, lega afleggjara af Austurvegi, breytt notkun á athafnasvæði A1, breytt notkun á hluta Iðnaðarsvæðis I1 og stækkan I2, breytt notkun hluta Verslunar- og þjónustusvæðis V36 í nýtt íbúðarsvæði ÍS8 og breyttir skilmálar fyrir V35.

Skipulagslýsing var kynnt í febrúar 2020 og bárust athugasemdir frá Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands, Lögreglustjóranum á Suðurlandi, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Sif Hauksdóttir og Birgi Harðarsyni. Í samræmi við umsagnir í skipulagstillögunni var mörkum skipulagsbreytinga breytt á uppdrætti í samræmi við afmörkun tjaldsvæðis og ítarlegri umfjöllun, sem gerð var um náttúruvá. Með nýjum varnargarði við Víkurklett þá hefur orðið mögulegt að reisa björgunarmiðstöð við Sléttuveg frekar en á nýju athafnasvæði A3 vestan Mýrarbrautar.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins.

4. Vesturhluta Víkur – Deiliskipulag

Lögð eru fram drög um deiliskipulagslýsingu fyrir vesturhluta Víkur.

Skipulagsnefnd samþykkir að senda deiliskipulagslýsingu til auglýsingar í samræmi við 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að óska umsagnar.

5. Ytri-Sólheimar - Deiliskipulagstillaga

Lögð er fram tillaga um deiliskipulag vegna fyrirhugaðrar stofnunar lóðar á Ytri-Sólheimum 5. Deiliskipulag nær yfir 3.746 m² svæði og gert er ráð fyrir byggingu á íbúðarhúsnæði, bílskúr og gróðurhúsi, hesthúsi og skemmu.

Skipulagsnefnd samþykkir að senda deiliskipulagstillögu til auglýsingar í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að óska eftir umsögnum Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

6. Ytri-Sólheimar – Umsókn um stofnun lóðar

Benedikt Bragason óskar eftir að stofna lóð undir íbúðarhús, í samræmi við framlögð gögn.

Samþykkt samhljóða.

*AK
J.E.
OG
GU*

7. Bakkabraut 6a – Umsókn um byggingarleyfi

Lagðar fram athugasemdir sem bárust við grenndarkynningu á fyrirhuguðum framkvæmdum á Bakkabraut 6a, ásamt svari framkvæmdaraðila.

EKKI verður fallist á þá athugasemd að svalir og tröppur muni þrengja akstursbraut, hvorugt fer yfir lóðarmörk og inná akstursleið.

EKKI verður heldur fallist á að svalir muni auka útsýni inn um glugga hjá nágrönum meira en nú þegar er.

Fyrir breytingar voru tvær innkeyrslur svo engin breyting er að eiga sér stað varðandi það.

8. Víkurbraut 21– Umsókn um byggingarleyfi

Lagðar fram athugasemdir sem bárust við grenndarkynningu á fyrirhuguðum framkvæmdum á Víkurbraut 21.

Óðinn Gíslason víkur af fundi

Skipulagsnefnd telur að staðsetning Halldórsbúðar hefti ekki aðgang að Vikurbraut 21a.

Óðinn kemur aftur inná fundinn

9. Urðunarsvæði við Uxafótarlæk – Umsókn um stöðuleyfi

Harpa Þrastardóttir f.h. Malbikunarstöðin Hlaðbær-Col hf. sækir um stöðuleyfi fyrir Ammann malbikunarstöð á urðunarsvæði við Uxafótarlæk, í samræmi við framlögð gögn.

Samþykkt samhljóða.

10. Golfvöllurinn Vík – Umsókn um stöðuleyfi

Holly Keyser sækir um stöðuleyfi fyrir matarvagn við golfvöllinn í Vík, í samræmi við framlögð gögn.

Skipulagsnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi til 1. september 2021.

11. Sunnubraut 22 – Umsókn um framkvæmdaleyfi

Örri Örvarsson sækir um leyfi fyrir girðingu á lóðamörkum í samræmi við framlögð gögn.

Samþykkt samhljóða.

12. Árbraut 2 – Umsókn um framkvæmdaleyfi

Sveinn Pálsson f.h. íbúa Árbraut 2 sækir um leyfi fyrir endurnýja skjólveggir á núverandi skjólpall, í samræmi við framlögð gögn.

Samþykkt samhljóða.

13. Austurvegur – Tillaga um skjólbelti

Lögð er fram tillaga um skjólbelti við Austurveg, í samræmi við framlögð gögn.

Skipulagsnefnd samþykkir skjólbeltið sem liggur austur-vestur en telur að skjólbelti meðfram þjóðvegi muni valda snjósöfnun á akstursleið.

JZ K V
GF Sog G

14. Sunnubraut 32 – Umsókn um byggingarleyfi

George Frumuselu sækir um byggingarleyfi fyrir einbýlishús á einni hæð ásamt bílageymslu við Sunnubraut 32, í samræmi við framlögð gögn.

George Frumuselu víkur af fundi.

Skipulagsnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa framkvæmd grenndarkynningar.

Georg kemur aftur inná fundinn.

Fundi slitið klukkan 20:38



Drífa Bjarnadóttir




Guðrún Hildur Kolbeins



Óðinn Gíslason



Kristján Þórðarson



George Frumuselu



Jónas Erlendsson